

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 Kristófer A. Tómasson
 Félagsheimilinu Árnesi
 801 SELFOSSI

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>P-O</i>	K/S <i>31.5.</i>
Ábm.	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Reykjavík, 24. maí 2017

Vegna: Húsnæðisáætlana sveitarfélaga

Síðastliðnar vikur hafa starfsmenn Íbúðalánasjóðs ferðast um landið og haldið kynningarfundum um gerð húsnæðisáætlana sveitarfélaga. Á þessum fundum er farið yfir þá efnisliði sem húsnæðisáætlanir ættu að innihalda ásamt því að farið er ítarlega yfir það hvernig Íbúðalánasjóður ætlað að aðstoða sveitarfélögin við gerð húsnæðisáætlana.


Hlutverk Íbúðalánasjóðs miðar að því að halda utan um gerð húsnæðisáætlana og vera sveitarfélögum til ráðgjafar. Sjóðurinn hefur lagt fram tillögu að efnisyfirliti sem sveitarfélög geta stuðst við og um leið stuðlað að samræmingu húsnæðisáætlana um land allt. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er ennfremur að safna og miðla til sveitarfélaga tölfræðilegum gögnum sem nýst geta við gerð húsnæðisáætlana.

Frá því að farið var af stað með verkefnið í upphafi árs hefur verið unnið að því að greina og nálgast gögn sem komið geta að góðum notum við gerð húsnæðisáætlana ásamt því að leita heimilda til þess að deila þeim gögnum áfram til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sú vinna hefur tekið lengri tíma en vonir stóðu til en sjóðurinn mun halda ótrauður áfram að afla gagna, vinna þau og afla heimilda til að miðla þeim áfram.

Prátt fyrir töf á afhendingu gagna vill Íbúðalánasjóður hvetja sveitarfélög til þess að hefjast handa við gerð húsnæðisáætlana sem fyrst. Þá verður send tilkynning á öll sveitarfélög um leið og gögn eru tilbúin til afhendingar ásamt upplýsingum um hvernig má nálgast gögnin fyrir hvert og eitt sveitarfélag.

Tengiliður sjóðsins vegna vinnslu við gerð húsnæðisáætlunar er Sigrún Ásta, verkefnisstjóri húsnæðisáætlana en hjá henni er hægt að fá frekari upplýsingar um verkefnið, sigruna@ils.is.

Virðingarfyllst,



Hermann Jónasson, forstjóri